

Ed.

### 371. Nefndarálit

nm frv. til laga nm breyting á lögum nr. 47, 15. júní 1926, um verðtoll af nokkrum vörum (þskj. 213).

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Frv. þetta og frv. á þskj. 212 fara fram á að lögleiða tekjuauka ríkissjóði til handa, með því að hækka hinn almenna flokk verðtollsins upp í 15% og með því að fella úr gildi lækkun þá á vörutollinum, sem gerð var með lögum nr. 50 1926.

Með frv. þessum er farið fram á að færa tollalöggjöfina sem næst í sama horf og hún var sett á þinginu 1924, en það var þá gert beinlínis með það fyrir augum að grynna á lausaskuldum ríkissjóðs, sem þá voru, og nú eru að fullu greiddar. Ef bæði þessi frv. verða lögleidd, eru burt numdar allar ívilnanir á sköttum að heita má, sem síðan hafa verið gerðar, nema gengisviðauki á vörutolli, og verðtollurinn á að verða 15%, í stað þess að hann 1924 var settur 20%.

Út af þessu hefir minni hlutinn fyrst viljað reyna að gera sjer grein fyrir því, hvefrra tekna má vænta af núverandi skatta- og tollalöggjöf óbreyttri. Tökum við þar 3 síðustu árin (1925 tii 1927).

Árið 1925 urðu tekjur ríkissjóðs alls 16.03 milj. kr. Eftir nógildandi löggjöf mundu þar af hafa fallið burtu:

Af verðtolli nálega helmingur, eða . . . . .	1042000 kr.
Gengisviðauki af vörntolli nm . . . . .	444000 —
Vegna lækkunar á vörutolli samkv. lögum nr. 50 1926 um	510000 —
Ennfremur að miklu leyti tekjur af skiftimynt, sem það ár námu	324000 —
Samtals lækkun	2320000 kr.

Tekjnr þess árs eftir nógildandi löggjöf hefðu þá orðið 13.71 milj. kr.

Á sama hátt telst okknr til, að tekjur ársins 1926 hefðu orðið eftir nóg. löggjöf 11.48 milj. kr., árið 1927 vorn þær eftir skýrslu fjármálaráðherra sem næst 11.0 milj. kr., eða meðaltal þriggja síðustu ára 12.06 milj. kr. Tekjur af áfengisversluninni eru þó í raun og veru hjer vantaldar um yfir 200 þús. kr. á ári, af því að hún hefir verið að safna sjer veltufje, en því er nú lokið, og er meðaltal tekna síðustu þriggja ára því raunverulega 12¼ milj. kr.

Þá er að athuga útgjaldabörfinna. Gjöldin í fjárlögum fyrir yfirstandandi ár eru 10.4 milj. kr. Eftir stjórnarfrv. fyrir 1929 voru þau 9.8 milj. kr., og þó þau sjálfsagt hækki nokkuð í meðferð þingsins, munu þau ekki þurfa að fara fram úr 10.4 milj. kr. Teljum við, að unt sje að halda framkvæmdum ríkisins í eðlilegu horfi með þeim útgjöldum.

Samkvæmt meðaltali þriggja síðustu ára eru þó afgangsrátt fyrir umfram-eyðslu á fjárlagaliðum og fyrir útgjöldum eftir nýjum lögum 1.66 til 1.85 milj. kr. á ári. Samkvæmt reynslu á þeim tímum, þegar verðlag hefir ekki verið stórsveiflum undirorpið, á þessi afgangur, 15—18% af gjaldaupphæð fjárlaga, að nægja.

Við teljum því, að til útgjalda á þessu og næsta ári sje ekki þörf á tekjuauka, nema ef svo skyldi fara, að á yfirstandandi þingi yrði samþykkt óvenjulega mikið af nýrri útgjaldalöggjöf. Mikið af slíku liggur að vísu fyrir þinginu, en minni hlutinn álitur, að margt af því þoli vel bið, og þótt eitthvað af slíkum frumv. verði samþykkt, þá ætti ekki að fara langt fram úr venju með það. Vegna þess að telja má víst, að samþykkt verði um 200 þús. kr. árlegt framlag til Byggingar- og landnámsjóðs, vill minni hlutinn þó til samkomulags ganga inn á að samþykkja nýjar álögur sem því svarar, eða vel það, og getur fallist á, að verðtollurinn verði hækkaður úr 10% upp í 12½%, og ber fram brtt. þar um.

Sjóðseign ríkissjóðs hefir skerst nokkuð af tekjuhalla ársins 1927, sem stafar af því, að gjöldin samkvæmt fjárlögum voru það ár um 700 þús. kr. hærri en yfirstandandi ár. Við teljum þó ekki þörf á að leggja nýja skatta á til þess að fylla þetta skarð, því að við niðurlagningu landsverslunarinnar losnar það fje, sem ríkið hefir átt bundið í henni og nemur yfir 1½ milj. kr., og teljum við eðlilegast, að því verði varið til að auka sjóðseign ríkissjóðs svo sem þarf.

Samkvæmt þessu berum við fram við frv. á þskj. 213 eftirfarandi

#### BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 1. gr. Fyrir »15%« í fyrri efnismálgrein komi: 12½%.
2. Við sömu gr. Önnur efnismálgrein falli burt.

Alþingi, 2. mars 1928.

Jón Þorláksson,  
frsm. minni hl.

Björn Kristjánsson.